Orlofsheimili félagasamtakanna:

Geta ekki annað eftirspurninni

Víða um land reka hin ýmsu félagasamtök orlofsheimili, það er sumarhús, sem félagsmenn geta fengið leigð í viku tíma. Flest þessara húsa eru mjög fullkomin, hafa rafmagn og hita og eru búin helztu heimilistækjum, eins og eldavél og ísskáp. Leigan á þessum húsum fyrir vikuna er á bilinu 5000-9000 kr.

Þegar blaðamaður Vísis hafði samband við nokkra forsvarsmenn orlofsheimila og spurði um aðsókn að þessum sumarhúsum, þá var sama svarið alls staðar: Hjá okkur hefur verið fullbókað síðan um mánaðamótin maí-júní og allt fram í september.

Að Munaðarnesi í Borgarfirði, þar sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á 67 sumarhús, er mjög mikil aðsókn. Sem dæmi um þetta má nefna, að Starfsmannafélag ríkisstarfsmanna á 10 bústaði og getur þannig ráðstafað 170 vikum yfir sumarið. Sex hundruð aðilar sóttu um þessa bústaði.

Félögin vinza þannig úr umsóknum, að þeir félagar, sem hafa verið lengst í félögunum eða félagsmenn, sem ekki hafa áður fengið úthlutun eru látnir ganga fyrir.

Þrátt fyrir þessa miklu aðsókn að bústöðunum hefur verið lítil aðsókn að tjaldstæðunum, að sögn forsvarsmanna.

Á staðnum er starfrækt verzlun, sem er einnig notuð af nágrannaorlofsbyggðum bæði á Svignaskarði og við Hreðavatn.

Iðja, félag verksmiðjufólks, leigir út 7 bústaði í Svignaskarði auk þess eru ýmis önnur félög með bústaði á þessu svæði. Eru bústaðirnir um 19 að tölu alls. Fulltrúi Iðju sagði að þessir bústaðir nýttust ekki eins vel, þar eð fyrirtækin færu yfirleitt öll í frí á sama tíma, júní og júlí.

Þar sem svo mikil eftirspurn er eftir bústöðum, hefur verið gripið til þess ráðs að láta draga um hverjir fengju húsin og hefur fólki, sem sótti um, verið boðið að vera viðstatt.

Á þessu svæði hafa ýmis félög í hyggju að byggja sumarhús á næstu árum. Í skipulagi er ráðgert að byggja 30 til viðbótar, síðan á að vera eitt miðstöðvarhús með matsölustað, saunaböðum og þess háttar.

Félög innan Sjómannadagsráðs og Sjómannasambands Íslands eru með 14 hús að Hrauni í Ölfusi. Tuttugu og sex aðildarfélög innan A.S.Í. eiga 36 hús að Ölfusborgum í Ölfusi. Aðsókn að þessum húsum hefur verið gífurleg.

Prentarafélagið er með 5 bústaði í Miðdal við Laugarvatn og einn að Illugastöðum í Fnjóskadal.

Þarna er sama sagan og hjá Iðju, að það hefur orðið að draga um hverjir ættu að fá leigðan bústað að þessu sinni.

Prentarafélagið á stóra jörð í Miðdal í Laugardal. Þeir hafa leyft 36 félagsmönnum sínum að byggja á þessu landi, auk þess eru 15-20 bústaðir í byggingu.

Þeir hafa í hyggju að koma upp tjaldstæðum þarna með snyrtiaðstöðu. Þeir hafa líka í hyggju að reisa barnaheimili fyrir börn félagsmanna ásamt hressingarhæli fyrir aldraða prentara.

Samvinnustarfsmenn eru með 10 hús við Hreðavatn í Borgarfirði. Auk þess er starfsmannafélag Samvinnutryggginga með 12 bústaði. Einnig er Bifröst rekin sem sumardvalarheimili samvinnumanna. Þá er Starfsmannafélag Olíufélagsins með hús að Laugarvatni. Samtals geta þessi sumarhús og Bifröst tekið um 200 manns. Þó komast færri að en vilja.

Þessi orlofsaðstaða er fyrir samvinnumenn um allt land.

Samvinnumenn hafa í hyggju að koma á skiptum á sumardvöl milli íslenzkra samvinnumanna og samvinnumanna á hinum Norðurlöndunum. Þetta kemst að öllum líkindum í framkvæmd næsta sumar að sögn forsvarsmanna. Þó er helzti þröskuldurinn dýr fargjöld til og frá Skandinavíu.

Símamenn eru með 10 sumarhús, flest eru við Apavatn í Laugardal. Í Apavatni er leyfð stangaveiði frá landi og er ágæt veiði í vatninu. Einnig geta félagsmenn farið út á ára- og seglbátum.

— HE.




Wind Band — skólahljómsveit frá Glasgow í upptöku í Háskólabíói í gær.

ENDURGJALDA HEIMSÓKN SKÓLAHLJÓMSVEITAR KÓPAVOGS

— leika meðal annars fyrir vistmenn á Reykjalundi

Hér á landi er stödd 26 manna lúðrasveit frá Glasgow á Skotlandi. Hún er að endurgjalda heimsókn skólahljómsveitar Kópavogs, sem var í Glasgow í júní síðastliðnum. Félagar lúðrasveitarinnar eru kennarar og nemendur í Allans Glens skólanum, enda heitir líka lúðrasveitin Allan Glens—Wind Band. Hljóðfæraleikararnir eru á aldrinum 14-62 ára.



Stjórnandi hljómsveitarinnar er Enoch Jackson, en hann var áður meðlimur í Skozku sinfóníuhljómsveitinni.

Hljómsveitin kom hingað síðastliðin sunnudag og fer héðan 2. ágúst.

Á fimmtudaginn ætlar hljómsveitin að leika fyrir vistmenn á Reykjalundi, á laugardag kl. 14 leikur hún í Eden í Hveragerði og á þriðjudag 29. júlí verða tónleikar í Víghólaskóla í Kópavogi kl. 21.00. Ef veður leyfir, mun hljómsveitin leika á lóð Kársnesskóla föstudaginn 25. júlí kl. 20 ásamt skólahljómsveit Kópavogs.

Skotarnir munu skoða sig um í nágrenni Reykjavíkur, fara meðal annars að Gullfossi og Geysi, til Akraness og víðar. Einnig munu þeir sitja boð bæjarstjórnar Kópavogs og á föstudag verða þeir gestir menntamálaráðherra í Ráðherrabústaðnum.

Þegar Vísismenn smelltu mynd af hópnum var verið að taka upp nokkur lög með hljómsveitinni fyrir Ríkisútvarpið. HE

YFIRLÝSING FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA VÍSIS

Vegna þeirra umræðna í fjölmiðlum, sem orðið hafa undanfarna daga og fylgt hafa ákjölfar aðalfundar Reykjaprents h/f, útgáfufélags dagblaðsins Vísis, telur undirritaður rétt að geta opinberlega eftirfarandi staðreynda.

1. Hin nýkjörna stjórn félagsins hefur ekki enn haldið neinn fund og því ekki getað skipt með sér verkum. Stjórnin hefur því ekki kjörið sér formann né falið neinum einstökum stjórnarmanni að túlka skoðanir hennar opinberlega. Á meðan svo er hlýtur undirritaður að teljast málsvari fyrirtækisins út á við, en yfirlýsingar einstakra stjórnarmanna að teljast án ábyrgðar fyrir stjórnina, þar til hún hefur um slíkar yfirlýsingar fjallað.
2. Um það atriði í ræðu formanns fyrrverandi stjórnar, sem vitnað hefur verið til í fjölmiðlum, þ.e. „Jónas Kristjánsson hefur gefið til kynna, að hann hygðist hætta störfum við blaðið að eigin ósk o.s.frv.", er sjálfsagt, að fram komi nánari skýring. Jónas Kristjánsson hefur aldrei sagt upp störfum sem ritstjóri dagblaðsins Vísis. Fráfarandi stjórn Reykjaprents h/f hefur ekki bókað neitt um, að störfum Jónasar myndi ljúka á næstunni og hefur aldrei samþykkt né yfirleitt rætt um, að honum yrði nokkurn tíma sagt upp störfum.
3. Hið rétta er, að Jónas Kristjánsson „gaf til kynna að hann hygðist hætta störfum við blaðið", eftir að framkvæmdir yrðu samningar milli einstakra hluthafa um umfangsmiklar tilfærslur á hlutafjáreign í félaginu Reykjaprenti h/f, svo og Járnsíðu h/f, sem er eign nokkurra hluthafa Reykjaprents h/f. Þessar tilfærslur hefðu þýtt það, að úr áðurnefndum félögum hefðu gengið menn, sem Jónas Kristjánsson mun hafa talið óheppilegt að missa sem samstarfsmenn.
4. Það reyndist ekki grundvöllur fyrir því að ljúka þessum samningum, af ástæðum, sem Jónasi Kristjánssyni eru óviðkomandi, og því út í hött og engan veginn tímabært að gefa opinberar yfirlýsingar um, að hann hyggist hætta sem ritstjóri Vísis. Það er augljóst, að um þetta mál á að fjalla í nýkjörinni stjórn Reykjaprents h/f og hvergi annars staðar. Þar til ákvörðun verður tekin um hið gagnstæða, lít ég því á Jónas Kristjánsson sem ritstjóra við dagblaðið Vísi og mun haga ákvörðunum mínum í samræmi við það.
5. Sú tillaga, sem aðalfundur félagsins samþykkti hinn 22. júlí s.l. og titt nefnd hefur verið, hlaut fullkomlega löglega meðferð og var úrskurðuð löglega samþykkt af fundarstjóra. Það væri því einstaklega tillitslaust gagnvart fundarmönnum, ef Jónas Kristjánsson tæki ekki áskorun fundarins til yfirvegunar. Með þessu er engan veginn verið að reyna að hafa áhrif á gerðir ritstjórans, heldur aðeins dregnar fram staðreyndir þessa máls. Hitt er svo annað mál, að ég hef óskað eftir álitsgjörð tveggja valinkunnra lögmanna um gildismat þessarar samþykktar aðalfundarins.
6. Allar vangaveltur um ráðningu nýs ritstjóra við Vísi ættu að vera óþarfar í þessu sambandi og koma kjarna þessa máls hreint ekkert við. Það er óþarfi að láta hann gjalda þess, að aðrir menn geta ekki skipulagt gerðir sínar og raunar ekki smekklegt.

24. júlí 1975
Sveinn R. Eyjólfsson,
framkv.stj.

Nýstárleg málverkasýning:

Málar mynd undir áhrifum Paradísar

Hún verður með nokkuð óvenjulegu sniði, málverkasýningin, sem Tarnús er að opna á Kjarvalsstöðum. Í ráði er, að hljómsveitin Paradís mæti á vettvang eitt eða tvö kvöld og haldi hljómleika innan um málverkin. Á meðan dregur svo Tarnús líklega upp pensla og liti og málar eina mynd undir þeim áhrifum, sem músíkin veitir honum.

Tarnús heitir reyndar fullu nafni Grétar Magnús Guðmundsson. Sýnir hann samtals 35 myndir, sem málaðar eru á 11 árum. Þetta er fyrsta einkasýning Tarnúsar, en hann hefur einu sinni áður tekið þátt í samsýningu.

Sýningin verður opnuð á laugardaginn og stendur til mánudags 4. ágúst. Er opið frá kl. 2-10 á daginn. Ein myndin, sem Tarnús sýnir, er af móður, sem gefur ungabarni sínu að sjúga. Út úr munni móðurinnar hangir sígaretta sem hún tottar áfergjulega á meðan á athöfninni stendur. „Ógeðslegt, en sést því miður stundum," sagði Tarnús og kallar myndina Móðurást.

—EA